

hjeraði, hefur flutningur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn í þessu máli á óraskaður að standa. Afrýjandanum, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, ber að greiða hinum stefnda, Halldóri yfir kennara Friðrikssyni, 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. septbrmán.

Nr. 36/1880

Sigurður Sigurðsson  
gegn  
Páli Eyjólfssyni

#### Dómur:

Mál þetta er þannig vaxið, að hinn stefndi, Páll Eyjólfsson, fjekk 13. desbrmán. 1876 að láni hjá áfrýjanda 800 kr.; skyldi hann af láni þessu greiða 4% ársvexti og lúka láninu aptur 14. júnímán. 1877. En síðar samdist svo þeirra Sigurðar og Páls í milli, að borgun höfudstóls og vaxta mætti bíða til 11. desbr. 1877. 19. febrúar 1878 gaf Sigurður hinum stefnda enn á ný borgunarfrest til 12. maí 1878. Með því hinn stefndi ekki stóð í skilum, höfðaði Sigurður mál á hendur honum fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar, og með dómi, sem kveðinn var upp í því máli fyrir nefndum rjetti 13. maímán. þ. á., var hinn stefndi dæmdur til að greiða áfrýjandanum 800 kr. með 4% vöxtum frá 13. desbr. 1876, að frádrægnum 53 kr., 22 a. — en svo mikið var hann búinn að greiða upp í vextina — og 4% vexti af nefndri skuld frá því mál þetta var

kært til sætta, og þangað til borgun færi fram. Svo var hann og dæmdur til að greiða honum í málskostnað 10 krónur. Þessum dómi hefur Sigurður Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. júlí þ. á., og krafzt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og stefndi skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi hefur fyrst og fremst haldið því fram, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur ex officio, með því undirdómarinn ekki hafi leiðbeint sjer; þvínæst hefur hann, að því aðalefni málsins snertir, krafzt, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hann verði dæmdur til að greiða 800 kr. með 4% vöxtum frá 13. desbr. 1876 þangað til borgað verður, og að frá dregnum 53 kr. 23 a. Loks hefur hann til vara krafzt, að hjeradsdómurinn verði staðfestur og áfryjandi dæmdur til að greiða sjer málskostnað með einhverju nægilegu.

Eins og mál þetta lá fyrir undirrjettinum og eptir því sem hinn stefndi tók í það, var ekkert tilefni fyrir dómarann til að leiðbeina honum samkvæmt tilskipun 15. ág. 1832, 10. gr., og er því engin ástæða til að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan fyrir þá sök.

Hinn stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og með því að hann þannig ekki getur fengið dóminum breytt, ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að staðfesta hann að öllu leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber hinum stefnda að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir yfirdómi, og þykir hann hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Hinum stefnda, Páli Eyjólfssyni, ber að greiða áfrýj-

andanum, Sigurði Sigurðssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. októbermán.

37/1880

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen

gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 26. dag. júlímán. síðastl., hefur bæjarfógeti E. Th. Jónassen skotið til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 24. júnímán. næst þar fyrir, og krafizt, að nefndur dómur verði staðfestur, en með þeim dómi er landshöfðingjaritari Jón Jónsson dæmdur að við lagði 3 kr. sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dóminum, til að skila aðaláfrýjandanum rjettarskjölum nokkrum, aukendum Nr.—1—6, er hann hafði fengið að láni í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 12. febr. þ. á. í máli milli Jóns Pálssonar og Páls Eyjólfssonar, og til að greiða aðaláfrýjandanum 10 kr. í málskostnað; hefur hann þarðauki krafizt, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur Jón landshöfðingjaritari Jónsson, sem hefur gagnáfrýjað málinu, farið fram á að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum aðaláfrýjandans í þessu máli, og að hann verði skyldaður til að greiða sjer allan málskostnað bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi.

Það er sannað, að aðaláfrýjandi 12. febrúarmán. þ. á. sem hlutaðeigandi dómari í máli milli Jóns Pálssonar og Páls Eyjólfssonar ljedi gagnáfrýjanda sem